

Reykjavík, 5. desember 2010

Sendandi: Stjórn Félags lýðheilsufræðinga

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu. Þskj. 207 – 190. mál.

Umsögn um frumvarpið í heild:

Félag lýðheilsufræðinga leggur mikla áherslu á hina viðfemu heildarmynd lýðheilsu þar sem horft er til líkamlegrar, andlegrar og félagslegrar heilsu fólks og jafnframt tekið tillit til umhverfis- og efnahagslegra þátta. Lýðheilsa umvefur því alla þá mismunandi þætti sem miða að því að viðhalda og efla heilbrigði og lífsgæði fólks. Verkefni Lýðheilsustöðvar hafa að mestu snúið að fyrsta stig forvörnum sem miða að því að koma í veg fyrir vanda. Verkefni Landlæknisembættisins hafa hins vegar að mestu snúið að því að sinna þeim sem lentir eru í vanda (annars stigs forvarnir) og þeim sem eru í miklum vanda (þriðja stigs forvarnir). Við viljum því að sjálfsögðu tryggja sess lýðheilsu innan nýrrar stofnunar þar sem áherslan er á heilsuefningar- og forvarnarstarf, m.ö.o. að koma í veg fyrir sjúkdóma.

Nú á tímum ráðdeildar og sparnaðar er mikilvægt, sem aldrei fyrr, að beina sjónum að raunverulegum sparnaðarleiðum sem gagnast bæði stjórnvöldum og almenningi til lengri tíma litið. Hér er vísað til þess að fjárfesta þurfi í mjög auknum mæli í markvissum aðgerðum á fyrsta stigi forvarna, aðgerðum sem miða að því fyrirbyggja að vandi komi upp. Hagnaður stjórnvalda af slíkum aðgerðum fælist að mestu í krónum og aurum en hagnaður almennings fælist að mestu í auknum lífsgæðum og betri vitund um eigið heilbrigði. Það hlýtur því að gefa auga leið að slíkar aðgerðir, sem byggðar eru á vísindalegum rannsóknum, eru einna best til þess fallnar að ná raunverulegum árangri í velferðarmálum á Íslandi.

Vill Félag lýðheilsufræðinga því áréttta óumdeilt mikilvægi þess að jafnræðis sé gætt milli félagslegra þátta annars vegar og læknisfræðilegra þátta hins vegar í starfs- og lagaumhverfi sameinaðrar stofnunar. Nú riður á að vel sé vandað til verka því það er hvorki meira né minna en líkamleg, andleg og félagsleg heilsa íslensku þjóðarinnar undir.

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum.

2. gr.

2. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

Embætti landlæknis og lýðheilsu.

Starfrækja skal embætti landlæknis og lýðheilsu undir yfirstjórn velferðarráðherra.

Landlæknir veitir embættinu forstöðu. Ráðherra skipar landlækni til fimm ára í senn að fengnu mati nefndar skv. 9. gr. laga um heilbrigðisþjónustu. Hann skal hafa sérfræðimenntun í læknisfræði, þekkingu á sviði lýðheilsu og víðtæka reynslu eða menntun á sviði stjórnunar.

Landlæknir ber ábyrgð á að embættið sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf. Landlæknir ræður starfsfólk embættisins.

Eins og embættið er sett upp í þessu lagafrumvarpi er vissulega nauðsynlegt að æðsti yfirmaður þess hafi sérfræðimenntun sem læknir en okkur þykir jafnframt nauðsynlegt að gerð sé krafa um sérfræðipekkingu á sviði lýðheilsu. Æðsti embættismaður lýðheilsu í landinu hlýtur að þurfa að hafa sérmenntun á því sviði og slíkri menntun búa læknar að öllu jöfnu ekki yfir. Það skýtur skökku við að einstaklingar með doktorsgráðu í lýðheilsuvisindum hafi ekki möguleika á að stýra þeirri stofnun sem fer með lýðheilsumál í landinu og er jafnframt í ráðgjafahlutverki gagnvart stjórnvöldum, fagfólki og almenningi um þau mál er varða lifsgæði og velferð þegnanna.

6. gr.

Á eftir I. kafla laganna kemur nýr kafli, I. kafli A, **Fagrád og lýðheilsusjóður**, með tveimur nýjum greinum sem orðast svo ásamt fyrirsögnunum:

b. (3. gr. b.)

Lýðheilsusjóður.

Starfrækja skal lýðheilsusjóð sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., bæði innan og utan embættisins.

Embætti landlæknis og lýðheilsu ráðstafar fé úr lýðheilsusjóði í samráði við ráðherra og í samræmi við ákvæði reglugerðar sem ráðherra setur skv. 4. mgr.

Til lýðheilsusjóðs rennur hlutfall af innheimtu áfengisgjalds í samræmi við ákvæði laga um gjald af áfengi og tóbaki, hlutfall af brúttósölu tóbaks í samræmi við ákvæði laga um tóbaksvarnir og framlag úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.

Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði.

Í ljósi þeirra umræðna sem átt hafa sér stað á Alþingi og í Fjármálaráðuneytinu leggur Félag lýðheilsufræðinga þunga áherslu á að þessu fyrirkomulagi verði ekki breytt, þ.e. að hlutfall af innheimtu áfengisgjalds og hlutfall af brúttósölu tóbaks renni áfram í Lýðheilsusjóð. Það verður einfaldlega að tryggja að þetta fé verði áfram nýtt til góðra verka þjóðinni til heilla.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.


Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í nýrri 3. gr. b er lagt til að starfræktur verði lýðheilsusjóður sem hefur það hlutverk að styrkja lýðheilsustarf sem samræmist markmiðum laganna bæði innan og utan embættisins. Þá er gert ráð fyrir að sá hluti af áfengisgjaldi sem áður rann til Forvarnasjóðs renni til lýðheilsusjóðs og einnig hlutfall af brúttósölu tóbaks. Hlutverk sjóðsins er víkkað út í samræmi við þær faglegu áherslur að heildræn nálgun í forvarnastarfi skili mestum árangri og einnig í samræmi við þróun fjárveitinga til Forvarnasjóðs síðastliðin ár með sérstöku framlagi til heilsueflingar og lýðheilsustarfs. Um leið verður ákveðinn faglegur mælikvarði settur til hliðsjónar er kemur að úthlutun styrkja úr sjóðnum og mun sá mælikvarði m.a. ákvarðast af lýðheilsu- og stjórnsýslum hvern sanni. Gert er ráð fyrir að ráðherra mæli nánar fyrir um ráðstöfun fjár úr lýðheilsusjóði, m.a. um að tilteknu hlutfalli af ráðstöfunarfé sjóðsins skuli varið í lýðheilsustarf hjá embætti landlæknis og lýðheilsu.

Sjóður sem þessi gegnir gríðarlegu mikilvægu hlutverki fyrir forvarnastarf í landinu. Hann hvetur jafnframt til faglegra vinnubragða allra þeirra sem í hann sækja þar sem uppfylla verður ákveðnar kröfur um framkvæmd, mælingar og eftirfylgni. Félag lýðheilsufræðinga leggur áherslu á mikilvægi gagnsæis við úthlutun fjármagns úr sjóðnum sem og stefnu sem tryggir að fjármagnið nýtist á sem breiðustum grundvelli.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Félags lýðheilsufræðinga,



Ólöf Kristín Sívertsen, formaður

gsm: 695-0206

olofsiv@gmail.com